

Svar við Samráði Póst og fjarskiptastofnunar um úthlutun tíðna fyrir hljóðvarp – FM og D.A.B.

1. **Kiss FM** hefur vilja fyrir því að koma upp aðal sendi á einum af eftirfarandi stöðum: Bláfjöllum, Esjunni eða Skálafell. Þá með auka tíðni á núverandi stað í Borgarspítala. Afl yrði á bilinu 10-40 KW EIRP.

Útvarp Saga sem ítrekað hefur sótt um viðbótar tíðni, hefur vilja fyrir að halda áfram að senda frá núverandi stað í Vatnsenda og hefur boðið að færa 99,4 í Álfsnes/Víðines til samræmis við Bylgjuna.

K100 hefur ítrekað reynt að sækja um auka tíðni fyrir höfuðborgarsvæðið og hefur vilja fyrir því að fá auka tíðni, stað setning þyrfti að byrgja skuggasvæði í norðurhluta Reykjavíkur og mosfellsbæjar, ásamt ýmsum öðrum skuggasvæðum.

Hringbraut hafði áhuga á stækkun, en ekki búið að klára neina stefnumótun.

2. Radio.is hefur heimildir fyrir því að áhugi er fyrir nýrri dagskrá er hjá nokkrum af núverandi útvarpsstöðvum, en sú vinna er ekki komin á það stig að eytt hafi verið vinnu í að finna útsendingar staði.
3. **a.** Það er alls enginn áhugi fyrir D.A.B., sjá nánari útskýringar í greinargerð.
b. Flest allar þær útvarpsstöðvar sem Radio.is þjónar hafa gert grein fyrir því að þær hafa engann áhuga að greiða samkeppnis aðilum fyrir aðgang að dreifingu og vera undir samkeppnisaðila komin hvort stöðvar þeirra haldist í loftinu. Frekar myndu þeir koma upp eigin sendabúnaði.

D.A.B. eða F.M. Kostir og gallar samantekt / greinargerð

Mikið vantar upp á sannleikann í útblásnum fréttum af DAB sem byrst hafa á undanfögnu.

Ekkert hefur t.d. farið fyrir Canada sem slökkti á DAB árið 2006, eftir um 15 ár í loftinu. Þeir reyndu þrjár mismunandi tæknir : DAB, HD radio og DMR en allt kom fyrir ekki og aldrei hefur verið meiri eftirspurn eftir FM.

Noregur hefur mikið látið fyrir sér fara og umræðan verið á þann veg að slökkt verði á öllu FM í noregi 2017. Það gæti hinsvegar ekki verið fjærri sannleikanum, einungis verður slökt á NRK P1, NRK P2, NRK P3, P4 og Radio Norge. Hinar 240+ einkareknar stöðvarnar verða áfram á FM :

Kiss	Klem FM	Radio 1 Stavanger	Radio Hallingdal	Radio Nord-Salten	Radio Tango
NRJ	Kontakt Radio	Radio 1 Trondheim	Radio Hamar	Radio Nordkapp	Radio Tøten
Radio Metro	Kristenradio Tønsberg	Radio 102	Radio Hamrefest	Radio Nordsjø	Radio Tri
The Beat	Kystradioen, Askøy	Radio 3 Bodø	Radio Harstad	Radio Nova	Radio Tromsø (Radio Tromsø)
P5	Kystradioen, Bergen	Radio 3 Rana	Radio Haugaland	Radio Oslo	Radio Tønsberg
1 FM Molde	Lindesnes Nærradio	Radio 5	Radio Helgeland	Radio Osterøy	Radio Ung
Askøy lokal	LiquidFM	Radio 7	Radio Hordaland	Radio P5	Radio Vaksdal
Bjornefjord Nærkringkasting	Lofotrædien	Radio Acem	Radio Hurum og Røyken A/L	Radio Porsanger	Radio Vega AL
Bygderadio Vest	Magic Weekend	Radio Adressa	Radio Hålogaland	Radio PR	Radio Vest-Telemark
Bykle Radio	Mediekultur Radio	Radio Aftenbladet	Radio Inter FM	Radio PS	Radio Vikka
Båtsfjord Radio	Meldal Radio	Radio Alta	Radio Internasjonal	Radio På sporet	Radio Visjon
City Radio & TV	Misjonsradioen, Sandefjord	Radio Arbeidet	Radio Islam Ahmadiyya	Radio R 35	Radio Volda
Den Frie Evangel. Fors. Radio	Mistberget Radio	Radio Arco Iris	Radio Karlsøy	Radio Randsfjord	Radio Voz Latina
Drangedal Nærradio	Mjøsrædien	Radio Atlantic	Radio Kongsvinger	Radio Rauma	Radio Værøy
Ekko Radio	Morgenradioen	Radio Bardufoss	Radio Korgen	Radio Reboot	Radio Ytringen
ETS-Rædien	Moskenesradioen	Radio Beiam	Radio Kristiania	Radio Risør	Radio Ålesund
Favorite FM	Møtet med Jesus nærradio	Radio Bergenhus	Radio Kristiansand	Radio Rjukan	Radio Øksnes
Filadelfia Radio	Narvik Studentradio	Radio Betel	Radio Kvinesdal	Radio Røst	Radio Øst
FM1 Romerike	NB Radio	Radio Bø	Radio Lillesand Nærradio	Radio Salem	Radio+ Lillehammer og Gjøvik
Gimlekollen Radio	NEA Radio	Radio City	Radio Laagen	Radio Salten	Radio-PX
Gnistern Radio, Bergen	Nesna Radio	Radio Doaivu	Radio Latin-Amerika	Radio Sandnes	Radiodigital 80 tallet
Godt Nytt Radio	NKK Radio	Radio Domen	Radio Lieme	Radio Sara	radiOrakel
Guovdageinnu Lagasradio	Norddals-Rædien	Radio Drammen	Radio Loland A/L	Radio Sarpsborg	Radios
Halden Nærradio	Nordfjord Nærradio	Radio DSF	Radio Luster	Radio Sentrum, Oslo	Radium
Hallo Kragerø	Norea Radio Oslo	Radio E6	Radio Lyngdal	Radio Sentrum, Trondheim	Romerike Radio
Hallo Sogn (Online radio)	Norrøna Radio Molde	Radio Evje	Radio Lødingen	Radio Sentrum, Ålesund	Sandefjord Radio
Havøysund Nærradio	Norrøna Radio, Volda/Ørsta	Radio Fana	Radio Maran Ata	Radio Ski	Scandinavian Satellite Radio
Hjalarhornet Radio	Norrøna Radio, Ålesund	Radio Filadelfia, Drammen	Radio Mehamn A/L	Radio Skjeberg	Skjervøy Nærradio
Hjerterædien	NRJ Energy	Radio Filadelfia, Kristiansand	Radio Melbu	Radio Solør Våler Nærradio	Stage Radio
Horten Nærradio HNR	Nye Radio Larvik	Radio Fitjar	Radio Midt-Telemark	Radio Sotha	Studentradioen i Bergen
Håpsets Røst	Nytt Liv Media	Radio Folgefonna	Radio Midt-Troms A/S	Radio Stavanger	Sunnmørsposten
Innlandet Nærradio	Nærkanalen	Radio Follo	Radio Midt-Trøndelag	Radio Storfjord	Teipen Radio
Islandsrædien	Ottadalsrædien	Radio Fosen	Radio Midt-Østerdal	Radio Stryn	Telerosa Radio
Jæren misjonsradio	P5 Fosen	Radio Fredrikstad	Radio Modum	Radio Sunnhordland	Tellus Radio
JærRædien	P5 Ringerike	Radio Glåmdal	Radio Mosjøen	Radio Søgne	Tyrfjord Radio Kanal 7
Kanal 1 Drammen	P5 Solungen	Radio Gnisten	Radio Moss	Radio Sør-Helgeland	Valdres Radio
Kanal 1 Elverum	P7-Kristen Riksradio	Radio Godt Nytt	Radio Narvik	Radio Tabernaklet	Varanger Radio
Kanal 1 Nesodden	PVest Sogn og Fjordane	Radio Grenland	Radio Naustloftet	Radio Tamil Murasam	Vekkesesradio'n
Kanal 7 Bergen	Radio 1 Bergen	Radio Grmstad	Radio New Life	Radio Tamil, Bergen	VOXLO RADIO
Kanal 7 Oslo	Radio 1 Oslo	Radio Groruddalen	Radio Nord	Radio Tamil, Ålesund	Østlandets Kanal 1

Og ennþá er umtalsverð eftirspurn fyrir FM tíðnum í noregi.

Staðreyndin er sú að DAB er gömul og úrelt tækni, sem byrjað var að þróa 1978 og komu fyrstu sendarnir á markað 1983-5. Vert er að benda á að tölvur þess tíma gátu ekki einu sinni spilað tónlist og var þetta því gott dæmi um tækni sem var langt á undan sinni samtíð. Þróun í hljóð þjöppun var enn á frum stigi á þessum tíma og stafrænar villuleiðréttingar að stíga sín fyrstu skref.

Hugmyndir BBC voru að með stafrænni mótun mætti koma enn meiri en. Dynamic til hlustenda. Áttundi og níundi áratugurinn sýndi hinsvegar, svo um væri, að almenningur hefur engann áhuga á mjög Dýnamísku efni og kys frekar að hlusta á efni sem hefur mjög lága dýnamík og þar af leiðandi mjög jafnan hljóðstyrk.

Áhugarvert er að há dýnamík er ekki lengur sölu punktur með DAB sendum enda ráða nýjustu hljóð þjöppunar ferlarnir illa við slíkt.

DAB hefur verri hljóðgæði, lélegri drægni, háa hljóðtöf, er verulega kostnaðarsamt og hefur slæma nýtni svo fatt eitt sé nefnt eins og sjá má á samanburðartöfluni hér að neðan:

	DAB	FM
Hljóð gæði	undir meðallagi	Yfir meðallagi
Drægni	Slæm	Mjög góð
Hljóð töf	Lágmark 12 sec	Engin
en. Selectivity	Slæm	Ágæt
Nýtni	í besta falli 40%	80-90%
Kaupverð	15 – 25 fallt dýrar en FM	-
Rekstrarkostnaður	15 – 25 fallt dýrar en FM	-
Fjöldi rása	6-10	1
SFN	Dýrt og vandræðasamt	
Hlustunar tölur	Engar	

Spurning einkarekinna útvarpsstöðva er því í stuttu máli þessi:

Hversvegna að borga margfalt meira fyrir eitthvað sem er úrelt og skilar margfalt minna ?

Einnig er vert að benda á að samkvæmt reynslu verkfræðinga B.B.C. þá eru DAB móttakarar lélegri en FM móttakarar hvað varðar en. selectivity, það er að segja að þeir truflist mun fyrr við nálægð annara DAB senda.

Dæmi sem B.B.C. gaf var að þeir þurftu að endur taka allar DAB útsendingar á nýjum sendastað, þar sem annar aðili hafði komið upp sínum DAB sendi, frá þeirra eigin DAB sendi sem var í styttra en 10 mílna fjarlægð. Að þeirra sögn, þá er þetta nokkuð allgengt. Fyrirsjáanlegt verður að þetta muni verða til mikilla vandræða ef útvarpsstöðvar fara að koma upp DAB sendum hist og her um höfuðborgina.

Vert er að benda á að ný verið var slókt á Hlíðrænum sjónvarpssendum og miklum kostnaði varið í Stafræna DVBT sjónvarpssenda.

RÚV hefur áætlað, byggt á tölum frá kerfum Vodafone að það sé einungis um 20% þjóðarinnar sem horfi á sjónvarp yfir loftið með DVBT

Niðurstaðan er því sú að einkareknar stöðvar sjá engan hag að taka þátt í, eða fara inn í slíkt kerfi. Núverandi tækni (FM) virki fínt eins og er, tækni þróun er hröð og það er of stutt í næstu kynslóð dreifikerfa.

Einungis þurfi að greiða úr þeirri flækju sem hefur orðið við úthlutun tíðna á FM síðustu áratuga, stöðva afturhald í þéttingu kerfisins og ákveða (með lögum ef þarf) sendastaði höfuðborgarinnar.

Benedikt Guðnason
Radio@Radio.is
546-0000